


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Vefnaður - VEF 103 Námsáætlun haust 2016	

Kennarar:	Halldóra Björg Sævarsdóttir og Ragnheiður Björk Þórsdóttir	Sk.st. HBS RÞÓ	Viðtalstímar Mánudaga kl. 11:25-12:05 Þriðjudaga kl. 11:25-12:05
------------------	---	-----------------------------	---

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. þrjú stykki, bandáferð og þráðaráferð og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað, vaðmál og ormeldúk í prufum. Í stykkinu með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðdregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Í stykkinu með þráðaráferð er lögð áhersla á vaðmál, samsetta bindingu eða ormeldúk. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á vef í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm sköft og fjögur - sex skammel

Markmið:


- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstól.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál, ormeldúk og rósaband í verkum sínum og noti fjögur til fimm sköft og fjögur til sex skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niðurrifið efni, ullarband, bómull og hör.

Námsgögn:

Fagbækur f.vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.
Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu
Pinterest /Símar velkomnir til náms en annars ekki.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni
34	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur ákveða hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki, (þ.e.a.s. mottu, rósabandsvef, salún eða prufustykki.)
35- 36	1. stykki ofið og/eða prufur ofnar.
37- 40	2. stykki ofið ogeða prufur ofnar. Nemendur skipta um vefstól og vefa
41- 43	Uppsetning á vef og vinna í vefstól
44-46	Prufur eða unnið að verkefni
47-48	Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna í seinustu vikunni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Vefnaður - VEF 103		
Námsáætlun haust 2016		

Helstu verkefni í Vef 103 eru:

Til dæmis einskefta og/eða vaðmál, salúnvefur, eða önnur einföld samsett binding.

- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.

- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Prufur	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður		25%
Tuskumotta	Hugmyndavinna og vefnaður		15%
Fínt stykki	Rósabandsáferð, ull eða hör		20%
Skilamappa	Prufur og uppskriftir skilað í möppu		25%
Frágangur	Frágangur á prufum og stykki		5%
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð		10%
		Samtals:	100%
Annað: Próflaus símatsáfangi			
Með fyrirvara um breytingar			

Dagsetning:

Halldóra B. Sæverð

Undirritun kennara

Ragnheiður Þórsdóttir

Undirritun kennara

Sólvörð Þ. Jónsd.

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils